Árni Gunnarsson, alþingismaður:

Afborgunarskilmálar bannaðir með lögum

BANNA á með lögum hvers konar afborgunarskilmála í verzlun hér á landi og hafa ströng viðurlög við brotum á slíku banni. Þetta segir einn nýkjörinna alþingismanna Alþýðuflokksins, Árni Gunnarsson ritstjóri, í Alþýðublaðinu í gær. Segir Árni í greininni, að sú aðferð að banna afborgunarskilmála í verzlun hafi víða verið beitt með góðum árangri, en hún hefur þau áhrif, að fólk fjárfestir ekki fyrir peninga, sem það á ekki til og dregur stórlega úr kaupum á dýrum varningi.

Í greininni, sem birtist á baksíðu Alþýðublaðsins í gær, rekur Árni nokkuð gengismál og segir að sumir stjórnmálamenn vilji ekki heyra minnzt á gengisfellingu og segir hann að vera megi að hægt sé að dulbúa gengisfellingu á einhvern hátt, t.d. með því fína orði „gengissig", síðan segir Árni:


„Öllum er ljóst að óttinn við gengisfellingu hefur gripið um sig í mynd kaupæðis, sem er að verða árlegur viðburður hér á landi. Eftirspurn eftir nýjum bílum er nú í hámarki, kaupmenn hafa ekki undan að selja heimilistæki hverskonar og svo mætti lengi telja. Allir telja sig græða á því að festa fjármuni sína fyrir hugsanlega gengisfellingu. Þetta er hluti af hinum alræmda verðbólguhugsunarhætti.

Íslenzk stjórnvöld hafa aldrei gripið til neinna ráðstafana af nokkru tagi til að draga úr þessu kaupæði og koma almenningi í skilning um að verðbólguhugsunarhátturinn er einn helzti þátturinn í þeim efnahagsvanda, sem við er að glíma. Hópar manna græða offjár á verðbólgunni, en þjóðfélagið í heild tapar ennþá meiru. Þegar reikningarnir eru gerðir upp að lokum, hefur þjóðarheildin orðið fyrir alvarlegu tjóni."

Niðurlag greinar Árna er svohljóðandi og er það feitletrað:

„Eitt af ráðum, sem nota mætti til að draga úr kaupæði, er stafar af ótta við gengisfellingu, er að banna með lögum hverskonar afborgunarskilmála í verzlun. Þessari aðferð hefur verið beitt með góðum árangri í öðrum löndum.

Hún hefur þau áhrif, að fólk fjárfestir ekki fyrir peninga, sem það á ekki til og dregur stórlega úr kaupum á dýrum varningi. Slíkt bann gæti komið illa við marga, en við því er ekkert að gera. Slíku banni ætti að koma á hér á landi og hafa viðurlög ströng við brotum á því."



Margrét Reykdal listmálari heldur um þessar mundir sýningu á málverkum sínum á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru olíumyndir og nokkrar vantslitamyndir. Þær eru flestar fígúratífar og unnar á síðasta ári. Margrét hefur stundað nám í listaháskóla í Noregi í 5 ár. Þetta er önnur einkasýning hennar.

Hluti benzínhækkunarinnar fer í Borgarfjarðarbrú

TEKIZT hefur að útvega fé til að halda áfram áætluðum framkvæmdum við Borgarfjarðarbrúna á þessu ári og að því er Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri tjáði Morgunblaðinu í gær, þá verður viðbótarfénu tekið af því sem fæst með síðustu benzínhækkunum, en alls er talið að benzínhækkunin auki tekjur ríkissjóðs um 300 millj. kr.

Þegar Morgunblaðið ræddi við Snæbjörn sagði hann, að ríkisstjórnin hefði nú séð svo um, að hluti af því fé sem fengist vegna síðustu benzínhækkunar færi til framkvæmda við Borgarfjarðarbrúna. Kvaðst hann eiga von á að í sumar og haust yrði hægt að steypa þann hluta af gólfi brúarinnar, sem áætlað hefði verið, en ekki væri ljóst hvort hægt yrði að hefja framkvæmdir við fyllinguna Borgarnesmegin.

Um brúargerð á vegum Vegagerðarinnar sagði Snæbjörn, að þar bæri hæst nýja brú yfir Víðidalsá í Húnavatnssýslu, ennfremur væri verið að byggja brú yfir Búðargil hjá Húsavík, yfir Eldvatn hjá Syðri-Fljótum, í Svínadal og yfir Breiðadalsár í Reyðarfirði og Breiðdal.

Rannsókn í máli skrifstofustjórans hafin

ÁSGEIR Friðjónsson, sakadómari við ávana- og fíkniefnadómstólinn, settur rannsóknarlögreglustjóri í fjárdráttarmáli skrifstofustjóra Rannsóknarlögreglu ríkisins, hófst í gær handa um rannsókn málsins. Aðspurður, sagði Ásgeir að hann gæti ekki að svo komnu máli greint frá málavöxtum, því rannsókn sín væri rétt að hefjast og hann hefði mest farið yfir frumskýrslur og yfirheyrt aðila í gær.

AUGLÝSINGASÍMINN ER: 22480 Morgunblaðið

Fyrir helgarferðina
úrval af sportfatnaði
BULLIT KHAKIBUXUR, MARGIR LITIR.
STUTTERMA HERRASKYRTUR o.fl. o.fl.
TÍZKUVERZLUN UNGA FÓLKSINS
KARNABÆR
Laugaveg 20. Laugaveg 66. Austurstræti 22. Glæsibæ. Sími 28155.